

Sterkar konur, rétt eins og mamman

Þær eru brosmildar brasilísku systurnar sem eiga og reka saman veitingastaðinn Brasília við Skólavörðustíg. Þær ólust upp í stórum systkinahópi og lærðu því snemma að elda. Í þeirra heimalandi skiptir matur miklu máli og hann er eldaður af ástríðu.

Kristín Heiða Kristinsdóttir

khk@mbl.is

Íslendingar eru svo opnir fyrir því að prófa eitthvað nýtt og þeir hafa tekið staðnum okkar mjög vel. Þeir kunna vel að meta brasilíska matinn og sumir segja að það sé draumi líkast að borða matinn sem ég elda,“ segir Silbene Dias og skellihlær, en hún er eigandi og aðalkokkur á brasilíska veitingastaðnum Brasília við Skólavörðustíg. Hún stendur ekki ein í brúnni því Marcia, systir hennar, er einnig í fullu starfi á veitingastaðnum.

„Við unnum báðar á öðrum veitingastöðum, bæði á Kaffi Oliver og Kaffi Sólón, en svo fórum við að velta fyrir okkur hvort við ættum ekki að opna okkar eigin stað með alvöru brasilískum mat. Við slógum til og opnuðum rétt fyrir jólin í fyrra. Við erum nefnilega sterkar konur, rétt eins og hún móðir okkar,“ segja þær og hlæja sínum bjarta hlátri, en hlátur er þeim greinilega í blóð borinn, þær eru alltaf brosandí og einstaklega hláturmildar.

Eldamennskan er ástríða

Brasilísku systurnar eru báðar fjarska góðir kokkar og hafa eldað frá því þær voru stelpur. Og auðvitað var það sterka mamman þeirra sem kenndi þeim að elda. „Í svona stórum systkinahópi er óhjákvæmilegt að læra snemma að elda. Við erum líka aldar upp við hefð þar sem matur skiptir miklu máli. Heima í Brasilíu er alltaf verið að elda og allir borða saman,“ segir Silbene og bætir við að fyrir henni sé eldamennska ástríða.

„Ég elska að elda og maturinn hér á veitingastaðnum okkar er því ekki bara matur, heldur búa í honum allar þær tilfinningar sem ég set í eldamenskuna. Ég hef alla tíð haft brennandi áhuga á matargerð, ég var ekki nema átta ára þegar ég eldaði mín fyrstu grjón og ég man hvað ég var hamingjusöm þegar allir í fjölskyldunni smökkuðu og hrósuðu mér. Það var mjög tillitssamt af þeim, því þegar ég smakkaði sjálf komst ég að því að grjónin voru brimsölt og þá skildi ég hvers vegna allir drukku svona mikið vatn með þeim,“ segir Silbene og hlær innilega að minningunni.



Gleði þær eru einstaklega brosmildar systurnar Maricia og Silbene og sú síðarnefnda er mikill ástríðukokkur. — Morgunblaðið/Árni Sæberg



[Smellið til að sjá stærri mynd]